til laga um breyting á lögum nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, og um hækkun á honum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. greindra laga orðist svo:

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða í landssjóð eftir þyngd vörunnar með umbúðum, eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:

1. Af kornvörum, jarðeplum, steinolíu, sementi og kalki, tjöru, *(blackfernis)*, soda, krít, leir, karbid, bensin, þakhellum, netakúlum og tómum flöskum, 10 aura af hverjum 50 kg.
2. Af gluggagleri, tómum tunnum *og tunnuhlutum*, gaddavir, girðingastólpum úr járni, þakjárni, smiðajárni og stáli, olíufóðurkökum, melasse og melassemjöli, kjötfóðurmjöli, fiskfóðurmjöli, hjólklöfum (blökkum), saum, brýnum, hverfisteinum, kvarnarsteinum, sláttuvjelum, plógum, herfum, skóflum, kvíslum, spöðum, bátavjelum (mótorum), lausum umbúðum, tómum pokum, korki, netagarni, *seglgarni*, tilbúnum seglum, *striga*, köðlum allskonar og færum, *fernisolíu*, öllum olium í tunnum og dunkum, öðrum en steinolíu og bensin, strigaábreiðum (presenningum), járnbrautarteinum, húsapappa allskonar, akkerum og akkerisfestum (hlekkjafestum), kokolit, járnbitum, ofnum, eldavjelum, járnpípum, gips, heflispónum og sagi, olíufatnaði, gólfdúkum (Linoleum) og gólfbræðing (Linotol), 25 aura af hverjum 50 kg.
3. Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður), öðrum en olíufatnaði, tvinna og allskonar garni, öðru en netagarni og *seglgarni*, svo og farþegabifreiðum, 60 a. af hverjum 10 kg.
4. Af salti og hverskonar kolum, hvort sem varan er flutt í land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi, eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip, þeim til notkunar:
   a. af salti 50 aura af hverri smálest.
   b. af kolum 1 kr. af hverri smálest.
5. Af trjávið, hurðum, gluggum, húsalistum og bátum, 3 aura af hverju teningsfeti.
6. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 20 aura af hverjum 10 kg. Sama gjald skal greiða af öllum vörum undir 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaxta.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstakur tollur er lagður á, prentaðar bækur og blöð, *pappír*, skip, tígulsteinar, óhreinsað járn í klumpum, tilbúin áburðarefni, hey, sild til beitu, steinlímspípur, leirpípur, sandur, endur-

sendar fiskumbúðir úr striga, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, og vanalegur farangur ferðamanna.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meiru, skal talið sem heil tolleining, en minna broti slept.

2. gr.

1. málsgr. 2. gr. sömu laga orðist svo:

Greiða skal og í landssjóð 30 aura af hverjum póstböggli, sem kemur til landsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920 og gilda til ársloka 1921.